

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við afhendingu  
Hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands 2017.**

**Haldið í Hátíðasal í Aðalbyggingu, fimmtudaginn 16. nóvember 2017 kl.**

**16.30**

Kæru gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessar athafnar sem haldin er í tilefni af veitingu Hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands 2017. Hagnýtingarverðlaunin eru nú veitt í 20. sinn og bárust 23 umsóknir að þessu sinni. Fjölbreytni verkefna er mikil og á bak við hvert og eitt þeirra býr útsjónarsemi, hugvit, rannsóknir og ekki síst þrotlaus vinna. Verkefnin eru aðstandendum þeirra til sóma og bera fjölbreytni og styrk Háskóla Íslands gott vitni.

Hagnýting getur þýtt margt og til eru margar skilgreiningar á hugtakinu. Í mínum huga felur hagnýting í sér að koma hugmynd, þekkingu eða uppgötvun á framfæri við þann eða þá sem hún hefur virði eða gildi fyrir. Verðmætið getur verið af margvíslegum toga. Hagnýting er þó alltaf skref í átt til einhvers konar breytinga. Breytingar eru nauðsynlegar og óhjákvæmilegar, en eigi þær að leiða til raunverulegra framfara og umbóta þarf fólk að sameinast um að hafa áhrif á þær.

Hlutverk háskóla er að skapa þekkingu, miðla henni og varðveita hana. Orð eru til alls fyrst, en fleira þarf að koma til. Miðlun þarf ekki að einskorðast við nám og kennslu þó að hún hafi ótvírætt gildi. Miðlun getur farið fram með svo margvíslegum hætti og nær í raun hápunkti þegar þekkingunni er beitt við áþreifanlegar aðstæður þar sem mest munar um hana.

Í akademísku samfélagi starfar fjöldi karla og kvenna og akademískt frelsi veitir þeim svigrúm til að verja tíma sínum í að auka þekkingu sína á þeim viðfangsefnum sem þau brenna fyrir og miðla þeim til næstu kynslóðar. Það er einmitt þegar við fylgjum ástríðu okkar sem við skörum framúr og vinnum okkar stærstu afrek. Þessi eldmóður fyrir viðfangsefninu er forsenda þess að geta hagnýtt það. Hagnýting tekur tíma og tíminn er af skornum skammti. Hagnýting krefst einnig þrautseigju þar sem hindranir og mistök eru óhjákvæmilegir fylgifiskar. Það krefst líka hugrekkis og auðmýktar að leggja hugmyndir sínar í dóm annarra og starfa með þeim að því að hrinda þeim í framkvæmd.

Góðir gestir. Við erum ekki aðeins komin hér saman til að verðlauna þau verkefni sem best komu út í mati dómnefndar í keppninni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands þetta árið. Við erum hér líka til þess að fagna þeim fjölmenna hópi innan

Háskólans sem sýnir daglega af sér þetta hugrekki, auðmýkt og þrautseigju til að koma á framfæri hugmyndum sínum í von um að bæta líf okkar með einhverjum hætti. Og í sameiningu tekur þessi hópur þátt í að mynda og móta samfélag nýsköpunar sem takmarkast ekki við Háskóla Íslands heldur teygir anga sína út í samfélagið og atvinnulífið allt. Ég er afar stoltur af þessu fólki og þakklátur fyrir framlag þeirra.

En víkjum nú að verðlaunaafhendingunni. Ég veit að dómnefndinni var mikill vandi á höndum þetta árið sökum fjölda góðra umsókna og langar mig að nota tækifærið til að þakka henni fyrir vel unnin störf. Þar sem verðlaunin eru nú veitt í 20. skipti var ákveðið að fjölga þeim að þessu sinni. Veitt verða verðlaun fyrir fyrsta og annað sæti, auk þess sem tvö verkefni hljóta verðlaun fyrir þriðja sætið. Fyrir hvort þeirra eru veittar 500 þúsund krónur, fyrir annað sætið er veitt ein milljón króna og fyrsta sætið hreppir tvær milljónir króna í verðlaunafé.

Dómnefnd skipuðu þau Kristinn Andersen, prófessor og deildarforseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar Háskóla Íslands sem var formaður, Einar Mäntylä, sérfræðingur í nýsköpun á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, Hannes Ottósson, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hermann Kristjánsson, forstjóri Vaka, Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Ólöf

Vigdís Ragnarsdóttir, lögfræðingur á vísinda- og nýsköpunarsviði og Sigurður Ingvarsson, einkaleyfaráðgjafi hjá Arnason Faktor og meðeigandi. Með dómnefndinni starfaði Gyða Einarsdóttir, verkefnisstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði.

Ég vil nú biðja Kristinn Andersen um að koma hér upp á svið og gera grein fyrir niðurstöðum dómnefndar.

....

Ég óska vinningshöfum innilega til hamingju með verðlaunin sem þau hafa sannarlega unnið fyrir og óska þeim velfarnaðar í framtíðarstörfum sínum. Mig langar að lokum að endurtaka þakkir mínar til dómnefndarinnar auk þess sem ég vil þakka þeim Gyðu Einarsdóttur, starfsmanni vísinda- og nýsköpunarsviðs, Birni Gíslasyni og Kristínu Ásu Einarsdóttur, starfsmönnum markaðs- og samskiptasviðs og Ásu Kolka Haraldsdóttur, verkefnisstjóra á rektorsskrifstofu fyrir framlag þeirra við undirbúning þessarar athafnar.

Ég býð ykkur nú að gjöra svo vel að njóta veitinga við undirleik Húsbandsins. Takk fyrir komuna öll sömul.